

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348

8. október 1976.

1. gr.

19. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með tvennum hætti:

A. Með notkun tölvu:

- a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
- b. Tölvun er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
- c. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
- d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.
- e. Tölvun dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
- f. Sé óskað eftir afriti skrárinnar á segulbandi er það nú gert.
- g. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði.

B. Með notkun stokks:

Valdar eru tveggja stafa tölur. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið en að því búnu eru skráðir tveir fyrstu stafir sem upp koma og mynda þeir tölu. Þetta er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningaskrá en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

Að útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

2. gr.

24. gr. orðist svo:

Allir vinningar verðar greiddir án nokkurs frádráttar, þó þannig að sá sem vinning hlýtur er skyldur til þess að kaupa hlut, jafnstóran, í öllum þeim flokkum sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlutarins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á ársmiða verður ekki um neinn frádrátt að ræða og eigi heldur ef vinningsupphæð er lægri en endurnýjunarverð hlutamíðans í eitt ár.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. nóvember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.